

**156. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18, 16. mars 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Ingibjörg Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Borghildur Birgisdóttir varaáheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla og Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2101286 - Innritun í leikskóla 2021**

Innritun í leikskóla fyrir haustið 2021 hefur farið fram.

*Fundurinn fer fram í bæjarþingsal sem og í gegnum fjárfundarbúnað.*

*Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara og Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskóla sitja fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð lýsir yfir ánægju sinni með að innritun í leikskóla hafi farið fram og hægt hafi verið að mæta fyrsta vali foreldra í flestum tilfellum.*

**2. 2103090 - Skipulagsdagur í Vallarseli og Teigasel 2021- ósk um breytingu**

Beiðni um að breyta skipulagsdegi að vori í leikskólum.

*Áheyrnarfulltrúar sitja áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögur leikskólastjóra Vallarsels og Teigasels um töku starfsdags á vorönn.*

**3. 2008156 - Leikskóli Skógarhverfi - hönnun, jarðvinna og ýmsir samningar**

Kynning á stöðu hönnunar og vinnu við byggingu nýs leikskóla.

*Áheyrnarfulltrúar sitja fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar Alfreð Alfreðssyni fyrir upplýsingar um stöðu hönnunar og framkvæmda við nýjan leikskóla í Skógarhverfi. Ráðið leggur áherslu á mikilvægi þess að áætlaður tímarammi standist.*

**4. 2006227 - Endurhönnun leik- og grunnskólalóða**

Kynning á stöðu á vinnu og hönnun á leik- og grunnskólalóðum Akraneskaupstaðar.

*Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Brekkubæjarskóla, Sigurður*

*Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Grundaskóla, Borghildur Birgisdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Brekkubæjarskóla, Ingibjörg Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Grundaskóla og Gísliína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra nemenda í Brekkubæjarskóla sitja fundinn undir þessum lið. Áheyrnarfulltrúar leikskólanna sitja áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar Ingu Rut Gylfadóttur landslagsarkitekts fyrir yfirferð á stöðu hönnunar skólalóða leik- og grunnskóla á Akranesi. Ráðið leggur áherslu á mikilvægi þess að framkvæmdir hefjist sem fyrst og áætlaður tímarammi standist.*

*Áheyrnarfulltrúar leikskólanna víkja af fundi.*

#### **5. 2103009 - Loftgæði í Grundaskóli**

Kynning á stöðu á vinnu við endurbætur á loftgæðum í Grundaskóla.

*Áheyrnarfulltrúar sitja áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar Sigurði Arnari Sigurðssyni fyrir yfirferðina. Ráðið þakkar stjórnendum og starfsfólki skólans fyrir fumláus vinnubrögð og nemendum og foreldrum fyrir skilning og samvinnu í þeim aðgerðum sem staðið hafa yfir.*

#### **6. 2103109 - Samræmd könnunarpróf vor 2021**

*Áheyrnarfulltrúar sitja áfram undir þessum lið.*

*Ráðið þakkar skólastjórum grunnskólanna fyrir upplýsingar um framkvæmdina í grunnskólunum á Akranesi.*

*Skóla- og frístundaráð harmar þá stöðu sem kom upp við framkvæmd samræmdra könnunarprófa í síðustu viku.*

#### **7. 2102102 - Skóladagatal skólaárið 2021-2022**

Endanleg útgáfa af skóladagatali lögð fram.

*Áheyrnarfulltrúar sitja áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir breytt skóladagatal fyrir grunnskólana á Akranesi skólaárið 2021 -2022.*

*Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi.*

#### **8. 2103110 - Sumaropnun í íþróttahúsinu v. Vesturgötu 2021**

Tillaga að sumaropnun í íþróttahúsinu v. Vesturgötu á komandi sumri.

*Skóla- og frístundaráð óskar eftir að fá tillöguna aftur inn á fund þegar kostnaðarmat og nýting liggur fyrir.*

*Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti. Sign (BD, RBS, SMS og VJ).*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

